

1982

Fimmtudaginn 30. maí 1996.

Nr. 7/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Gunnlaugi Birgi Gunnlaugssyni

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Fjárdráttur. Kröfugerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1995 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Ákærði áfrýjaði til endurskoðunar héraðsdóms samkvæmt a- og c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Kemur það fram í skriflegri yfirlýsingu skipaðs verjanda í bréfi hans til ríkissaksóknara 23. nóvember 1995.

Ákærvald krefst þess, að refsing verði þyngd og verði ekki öll skilorðsbundin.

Í skriflegri greinargerð ákærða fyrir Hæstarétti er kröfum hans einungis lýst þannig, að allar kröfur hans í héraði verði teknar til greina. Krafanna er ekki getið í héraðsdómi. Fyrir Hæstarétti lýsti verjandi ákærða yfir, að í héraði hefði hann krafist sýknu af kröfum ákærvalds svo og af skaðabótakröfu Skífunnar hf.

Samkvæmt þessu hefur ákærði áfrýjað málinu í því skyni, að hann verði sýknaður af refsikröfu á grundvelli endurmats annarra gagna en munnlegs framburðar í málinu, sbr. c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991, en að öðrum kosti verði ákvörðun viðurlaga endurskoðuð, sbr. a-lið þeirrar greinar. Af hálfu hans hefur ekki verið bent á nein atriði í umræddum gögnum, er veiti efni til að fallast á sýknu hans.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en ákvæði hans um skaðabætur, en áfrýjun tók ekki til þess.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað, eins og greinir í dómsorði.

1983

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnlaugur Birgir Gunnlaugsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. nóvember 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 22. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. S 638/1995: Ákærvaldið gegn Gunnlaugi Birgi Gunnlaugssyni, af Steingrími Gauti Kristjánssyni héraðsdómara kveðinn upp svohljóðandi dómur:

Mál þetta, sem dómtekið var 31. október sl., er höfðað hér fyrir dómi með ákæru, út gefinni 13. júní 1995 og birtri 21. júlí 1995, á hendur Gunnlaugi Birgi Gunnlaugssyni, Leiðhömrum 17, Reykjavík, kt. 280756-7769, fyrir fjárdrátt með því að hafa frá í maí 1993 til júlí 1994, þá sölustjóri Skífunnar hf., Skeifunni 17, Reykjavík, dregið sér greiðslur til fyrirtækisins, samtals 355.494 kr., sem ákærði tók við í starfi sínu frá eftirtöldum aðilum:

1. Shellstöðinni Brúartorgi, Borgarnesi, alls	kr.	48.850
2. Veitingaskálanum Þyrli, Hvalfirði, alls	kr.	100.163
3. Veitingaskálanum Ferstiklu, Hvalfirði, alls	kr.	106.574
4. Esso-skálanum, Flateyri,	kr.	21.478
5. Esso-nesti, Tálknafirði,	kr.	31.982
6. Esso-stöðinni, Ísafirði,	kr.	46.447

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Skífan hf., Skeifunni 17, Reykjavík, gerir kröfur til skaðabóta úr hendi ákærða, 306.644 kr.

Ákærði hefur ekki gengist við sakargiftum, og hefur málið verið rekið samkvæmt ákvæðum 129. gr. laga nr. 19/1991. Hann kveðst hafa skilað vinnuveitanda sínum öllu því fé, sem hann tók fyrir hans hönd.

Hinn 5. maí 1992 gerðu Skífan hf. og ákærði svonefndan starfssamning í tengslum við kaup Skífunnar á útgáfufyrirtæki ákærða. Ákærði var ráðinn deildarstjóri nýrrar barna- og fjölskyldudeildar undir yfirstjórn aðstoðarframkvæmdastjóra.

Ákærði hefur m. a. gert svofellda grein fyrir starfsferli sínum hjá Skífunni hf.:

1. Ég hóf störf í miðjum apríl 1992, og var fyrsta verkefni mitt að setja upp umboðssölukerfi kassettna á vinsælum ferðamannastöðum um landið. Þetta verkefni gekk framár vonum, og í beinu framhaldi af því var ég beðinn um að taka að mér sölustjórástöðuna hjá fyrirtækinu. Ég samþykkti að gegna þessari stöðu í þá tvo mánuði, sem eftir lifðu af árinu 1992, eða þar til tími gæfist til að ráða annan og þjálfa hann upp í stöðuna. Um áramótin var ég svo beðinn um að gegna þessari stöðu til frambúðar og óskaði þá eftir leiðréttingu á launum mínum, sem voru miðuð við annað starf og ekki nærri því eins umfangsmikið. Þeirri ósk var hafnað, og má segja, að upp frá því hafi alltaf borið skugga á samstarf mitt við Skífuna. . . .

2. Ég átti hugmyndina að þessu umboðssölukerfi . . . Jón Ólafsson var mjög hlynntur þessu kerfi í fyrstu. Í byrjun árs 1994 heimtaði Jón, að . . . samningum yrði breytt, þannig, að aðilar keyptu lagerana, og vildi þar með, að ég gengi á bak orða minna. Þessu hafnaði ég gersamlega, og deildum við um þetta alveg þangað til, að upp úr sauð um mánaðamótin júlí/ágúst. Eftir þetta samtal okkar Jóns leit ég svo á, að samstarfi okkar væri í raun lokið og eingöngu væri eftir að ganga frá, með hvaða hætti starfslok yrðu. Þegar ég var svo boðaður á fund 13. ágúst, taldi ég, að ræða ætti starfslokin. Að mínu mati var Jón þá búinn að finna leið til að losa sig við mig án þess að þurfa að greiða mér uppsagnarfrest og bætur vegna lækkunar kaupverðs útgáfufyrirtækis míns, eins og kvað á um í starfssamningi mínum. . . . Það er mitt mat, að Jón hafi metið stöðuna þannig, að ekki mætti undir neinum kringumstæðum gera mér kleift að ganga til liðs við samkeppnisaðilann (Japis) – allt of mikið var í húfi, . . . Sú þekking, sem ég hafði öðlast sem sölustjóri Skífunnar, gat gert gæfumuninn fyrir Japis í þessum slag, ef ég gengi til liðs við þá.

3. Sumarið 1992 voru nokkrir aðilar, sem staðgreiddu í standasölukerfinu. Áður en kerfið var sett upp 1993, var ég boðaður á fund með Þorvaldi, og tjáði hann mér, að framvegis færi viss hluti staðgreiðsluviðskiptanna í gegnum staðgreiðslubók, sem hann afhenti mér, og að ég skyldi afhenda honum einum uppgjórið vegna þessa og eingöngu peninga, ekki ávísanir. Fyrst var reglan sú, að „kúnnar“, sem ekki voru í heilsársviðskiptum en vildu staðgreiða, færu í gegnum þessa bók. Þetta var þó alltaf á reiki, það er, hverjir væru í bókinni og hverjir ekki, þannig að stundum fóru viðskiptin fram eftir reikningskerfi Skífunnar og stundum ekki. Ég taldi, án þess þó að Þorvaldur nefndi það, að hér væri um að ræða svarta sölu, enda sá Þorvaldur einn um að gera þetta upp gagnvart lagernum, enda hlaut að koma fram vöntun annars. Tvær staðgreiðslubækur fyllti ég út þessi tvö sumur, og að þeim loknum afhenti Þorvaldur mér 4–5 reikningseyðublöð til notkunar í sama tilgangi. Í bókunum báðum eru a. m. k. 50 eyðublöð.

1985

Fé því, sem ákærði er sakaður um að hafa dregið sér, er hann talinn hafa tekið við eins og hér segir (töluliðir 2–6 eru teknir orðrétt upp úr bréfi kæranda til RLR, dags. 20. október 1994):

1. Frá Skeljungu, Borgarnesi.

24. 5. 1993	kr.	18.000		
19. 7. 1993	–	30.850	kr.	48.850

2. Frá Veitingaskálanum Þyrli kr. 100.163
Greiðsla til BG 16/5 34.774 kr.

Þyrill greiðir eftir nótu, sem notuð var við afhendingu á vöru, en ekki reikningi.

Greiðsla til BG 6/6 13.669 kr.

Sams konar nóta notuð og minnst er á hér að ofan.

Greiðsla til BG 29/6 26.778 kr.

Dags. samkv. upplýsingum Þyrils. Jafnframt er útbúinn reikningur, dags. 15/7, á einn af þeim sölureikningum, sem hverfur af lager Skífunnar og óskað var eftir opinberri rannsókn á.

Greiðsla til BG 11/7 24.942 kr.

Greitt eftir einum af „týndu“ sölureikningunum, auk þess sem síðar er útbúinn annar reikningur.

Að sögn forráðamanna Þyrils var alltaf greitt með peningum.

3. Frá Veitingaskálanum Ferstiklu kr. 106.574

Greiðsla til BG 4/5 26.827 kr.

Ferstikla greiðir eftir sams konar nótu og lýst var hjá Þyrli hér að ofan.

Greitt með ávísun, sem BG innleysti hjá Sparisj. Mýrasýslu samdægurs.

Greiðsla til BG 6/6 21.358 kr.

Ferstikla greiðir með sama hætti og 4/4. Ávísunin er nú stíluð á Skífuna og framseld hjá Lí Egilsstöðum 10/6. Rétt er að geta þess, að BG hafði ekki prókúru fyrir Skífuna.

Greiðsla til BG 29/6 32.000 kr.

Greitt var með sama hætti og að ofan. Greitt var með ávísun, sem BG innleysir í Sparisj. Mýrasýslu 11/7.

Greiðsla til BG 20/7, 26.389 kr.

Notaður er einn af „týndu“ sölureikningunum. Greitt er með ávísun, sem BG innleysir í Sparisj. Mýrasýslu 21/7.

4. Frá Esso-skálanum, Flateyri, kr. 21.478

Greiðsla til BG 12/7 gegn kvittun. Ávísunin er innleyst af BG 13/7 hjá BÍ, Glerárhverfi.

5. Frá Esso-nesti, Tálknafirði, kr. 31.982
Greiðsla til BG 7/6 gegn framvísun sams konar nótu og frá greinir í
tölulið 1).
BG fær greiðslu afhenta hjá Sparisj. Tálknafjarðar sama dag.
6. Frá Esso-stöðinni, Ísafirði, kr. 46.447
Greiðsla til BG 12/7. Eflaust greiðir Esso-stöðin eftir uppgjörsblaðinu,
en fær síðan senda reikninga nr. 57487 og 57485. Ávísun er innleyst hjá
BÍ, Glerárhverfi.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið af hálfu Skífunnar hf., var aðalregla, að viðskiptamenn hefðu greiðslufrest, að þeim væru sendir reikningar og að greiðslur bærust í pósti. Auk þessa hefur viðgengist, að sölumenn tækju við greiðslu á ferðum sínum til viðskiptamanna. Í þeim tilvikum hefur reglan verið, að sölumaður semdi reikninga, þegar hann kæmi úr söluferð, og afhenti þá gjaldkera ásamt greiðslu; gjaldkeri sendi síðan viðskiptamanni reikninginn kvittaðan. Við rannsókn kom fram af hálfu forráðamanna Skífunnar hf., að síðla árs 1993 hefði verið tekin ákvörðun um, að sölumenn ættu ekki að taka við peningum. Af öðrum gögnum málsins kemur fram, að þessi ákvörðun hefur ekki verið vel kynnt og að henni hefur ekki verið framfylgt stranglega. Ákærði viðurkennir, að þessi lýsing sé rétt að öðru leyti en því, að þegar um staðgreiðsluviðskipti hafi verið að ræða, hafi sölumaður kvittað fyrir greiðslu, og að þegar notuð var staðgreiðslubók, hafi ekki átt að gefa út reikninga. Hann hefur viðurkennt að hafa tekið við, framselt og skipt fyrir peninga tékka Shellstöðvarinnar, Borgarnesi, 18.000 kr. 24. maí og 30.850 kr. 19. júlí 1993, árið 1994 tékka Veitingaskálans Ferstiklu, 26.827 kr. 4. maí, 21.358 kr. 6. júní, 32.000 kr. 29. júní, 26.389 kr. 20. júlí, tékka Esso-skálans, Flateyri, 46.477 kr. 12. júlí og tekið við greiðslu frá Þyrli, Hvalfirði, í peningum 34.774 kr. 16. maí, 13.669 kr. 6. júní, 26.778 kr. 29. júní og 24.942 kr. 11. júlí 1994. Varðandi tékka 20.7. 1994, 26.389 kr., frá Veitingaskálanum Ferstiklu tekur mætti fram, að hann hafi komið til að fylla á standa í Ferstiklu í byrjun júlí, en framkvæmdastjóri ekki verið við, þeir hafi talað saman í síma og orðið samkomulag um, að ákærði legði út fyrir söluaðilann, en síðan yrði gert upp. Hann kveðst þá hafa verið búinn að greiða Þorvaldi og að tékkinn hafi verið sín eign.

Komið hefur fram bankanóta frá Sparisjóði Tálknafjarðar, dags. 7. júní 1994. Samkvæmt henni hafa umboðsmanni Skeifunnar verið greiddar 31.982 kr. úr reikningi Jónínu Haraldsdóttur þann dag. Ákærði kannast við að hafa tekið við fénu sem greiðslu á skuld Esso Nestis.

Lögmaður Skífunnar hf. óskaði eftir opinberri rannsókn 11. ágúst 1994 og lýsti grunsemdum um, að ekki væri allt með felldu í samskiptum ákærða við

umboðsmenn félagsins. Af þessu tilefni fór fram umfangsmikil rannsókn, sem leiddi til ákæru. Við aðalmeðferð málsins var tekin skýrsla af ákærða, þar sem fram koma sömu efnisatriði og lýst er í skýrslu hans hér að framan og fram komnu vætti vitna.

Vitnið Þorvaldur Kári Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Skifunnar hf., sem er viðskiptafræðingur og löggiltur endurskoðandi, segir Birgi lengst af hafa verið sölustjóra hjá fyrirtækinu, en Jón Trausta Leifsson aðstoðarframkvæmdastjóra hafa séð um sölumálin; hann hafi sjálfur haft umsjón og safnað upplýsingum, sem hann lagði fyrir stjórnarfund. Hann hafði ýmisleg samskipti við ákærða, en söluskipulagning var í höndum Jóns Trausta. Starfsreglur voru settar munnlega. Birgir sá um að fara sölufærðirnar, en aðrir gripu inn í í orlofi hans. Hann segir, að tekið hafi verið fyrir staðgreiðsluviðskipti árið 1993. Um mitt sumar 1994 kom í ljós, að ekki höfðu verið skrifaðir út reikningar á nokkra viðskiptamenn. Guðni Finnsson sölumaður kom til mætta um miðjan júlí og sýndi honum reikning, sem hann hafði fengið frá Þyrli og botnaði ekki í. Við athugun á því máli kom í ljós, að 20 reikninga vantaði inn í númeraröð, en þessi reikningur var einn af þeim. Allir, sem gátu verið við málið riðnir og voru viðláttnir, voru kallaðir saman á fund, en enginn kannaðist við neitt. Birgir kom úr leyfi 20.–22. júlí og ræddi við vitnið Jón Trausta og Þór lagerstjóra. Hann kvaðst ekki kannast við 20 horfna reikninga. Hann var spurður um greiðslur frá Þyrli, þar sem ekki kom fram af reikningum, að það fyrirtæki hefði greitt neitt. Í framhaldi af þessu hringdi vitnið í Þyril. Hinn 11. ágúst fékk hann gögn þaðan. Þá kom í ljós, að greitt hafði verið, án þess að reikningur hefði verið skrifaður út, og að einn af horfnum reikningunum var í þeim gögnum, áritaður af Birgi. Ákærði var kallaður á fund 14. ágúst. Hann kannaðist við að hafa tekið við greiðslum, en sagðist ekki vilja skýra málið frekar á því stigi.

Vitnið segir frásögn ákærða um, að hann hafi tekið við peningum frá ákærða, fjarstæðu. Vitnið kveðst ekki kannast við að hafa látið ákærða hafa staðgreiðslubók og yfirleitt ekki, að um slíkar bækur hafi verið að ræða. Það, sem ákærði hefur sagt, að væri úr staðgreiðslubók, segir vitnið vera gamlar nótur, sem notaðar voru í verslun áður og síðan sem rissblöð fyrir sölumenn. Hann segir ákærða hafa afhent Jóni Trausta söluskýrslur, en þær hafi verið lagðar fram á stjórnarfundum mánaðarlega; vitnið hafi fengið söluskýrslur frá Jóni Trausta.

Í sakargögnum kemur fram, að einn stimpill var í fyrirtækinu í vörslum gjaldkera. Ákærði viðurkennir, að hann hafi ekki haft stimpil.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið við samtals 355.494 kr. í peningum og tékkum, sem hann framseldi, og fékk andvirði þeirra greitt í pening-

um, eins og að framan segir. Hann hefur viðurkennt að hafa ekki afhent gjaldkera féð, eins og starfsreglur mæltu fyrir um, og ekkert kemur fram í reikningum félagsins um, að þetta fé hafi skilað sér í sjóð þess. Framkvæmdastjóri Skifunnar hefur eindregið vísað á bug staðhæfingum stefnda um viðtöku fjárins og að féð hafi átt að greiðast án reikningsfærslu, og ekkert hefur komið fram, sem styður staðhæfingu ákærða þar um. Sannað þykir, að ákærði hafi notað stimpil fyrirtækisins og eyðublöð, sem hann átti ekki að hafa undir höndum, við útgáfu kvittana fyrir því fé, sem hann tók við, eins og greinir í ákæru. Skýrsla hans um skil fjárins til framkvæmdastjóra þykir ótrúverðug. Þykir þá verða að leggja til grundvallar, að ákærði hafi engin skil gert á þessu fé. Með athæfi sínu gerðist ákærði brotlegur við l. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur ekki áður verið fundinn sekur um brot, sem hér skipta máli. Hann hefur ekkert greitt til baka af því fé, er hann dró sér. Refsing ákveðst með hliðsjón af ofangreindu lagaákvæði fangelsi 6 mánuði, en fullnustu refsingar er frestað, og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi dómfelldi almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Sigurgeirssonar hdl., 65.000 krónur, og 65.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð. Ákærði hefur með broti sínu haft ranglega fé af Skífunni hf., sem nemur eigi minni fjárhæð en bótakröfu, og ber þá að fallast á hana.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnlaugur Birgir Gunnlaugsson, sæti fangelsi í 6 mánuði, en fullnustu refsingar er frestað, og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi dómfelldi almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Skífunni hf. 306.644 krónur og allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Ólafs Sigurgeirssonar hdl., 65.000 krónur, og 65.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.